

Nesfréttir

NÓVEMBER 2017 • 11. TBL. • 30. ÁRG. • www.borgarblod.is



GERDU EINFALT
ENN
EINFALDARA!
Borgaðu fyrirfram um leið og þú pantar með appi eða á netinu.

SKENNA APP WWW.BORGARBLOD.IS



Lúðrasveitin 50 ára!

Skólalúðrasveit Seltjarnarness blés til mikillar afmælis- og tónlistarveislu í Seltjarnarneskirkju laugardaginn 11. nóvember sl. er hún hélt upp á 50 ára afmælið sitt. Afmælisdagskráin var öll hin glæsilegasta enda mætti fjöldi fólks til að fagna með hljómsveitinni og stemningin í kirkjunni var mikil.

Nýir, núverandi og eldri meðlimir sveitarinnar spiluðu vel valin lög undir stjórn Kára Húnfjörð Einarssonar skólastjóra tónlistarskólans en hann hefur jafnframt veitt sveitinni forstöðu í nær 30 ár eða frá árinu 1990. Atli Þór Albertsson leikari og fv. meðlimur lúðrasveitarinnar stýrði hátíðinni og stiklaði á skemmtilegan hátt í gegnum sögu lúðrasveitarinnar.

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri flutti ávarp og veitti lúðrasveitinni fjárframlag að gjöf frá Seltjarnarnessbæ í tilefni tímamótanna. Öllum gestum var svo boðið í afmæliscaffi að tónlistarveislunni lokinni.

Framhald á bls. 6.



Betolvex B-12



Fæst án lyfseðils

Actavis



- Færir út kvíarnar
á Eiðistorgi
- bls. 10-11

Opið
8-24
alla daga
Á EIDISTORGI
HAGKAUP



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

ÓKEYPIS
GREIÐSLUMAT
Á NETINU

 HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA
ÍSLANDBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka
er endurgjaldslaust til ársloka

 Íslandsbanki

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Uppbygging á Eiðistorgi

Jón von Tetzchner heldur áfram uppbyggingu sinni á Eiðistorginu. Nú hefur hann fest kaup á meiru af athafnarými bæði á efri hæðum sem á jarðhæð. Hluta af þessu húsnæði hugsar hann fyrir stöðugt vaxandi starfsemi Innovationhouse þar sem frumkvöðlar vinna að margvíslegum skapandi verkefnum. Þá stendur hugur hans til þess að unnt verði að nýta húsnæði á jarðhæð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi. Starfsemi sem kallar eftir fólki inn af götunni.

Bókasafnið á Eiðistorgi hefur tekið miklum breytingum á undanförunum árum. Safnið hefur umbreytt úr útlánastofu þar sem bækur voru lánaðar til lestrar en gegnir í dag hlutverki alhliða menningarmiðstöðvar. Bókasafnið er staður þar sem fólk getur komið hvenær sem er á opnunartíma þess – sest niður fengið sér ókeypis kaffisopa og litið í blöð og bækur eftir því sem hugur þess leitar. Einnig hafa verið skipulagðir margvíslegir menningarviðburðir í safninu. Gallerí Gróttta er vinsæll sýningarsalur á meðal myndlistarfólks og flygillinn sem komið hefur verið fyrir á besta stað í miðrými safnsins segir allt um góða aðstöðu til tónleikahalds. Í spjalli við Maríu Björk Óskarsdóttur nýráðin menningarstjóra á Seltjarnarnesi hér í blaðinu kemur fram hugur til stefni þess að auka fjölbreytni í starfsemi safnsins og skapa Seltirningum og öðrum vin bókmennta, myndlistar, tónlistar og annarra menningarviðburða á komandi tímum.

Fjárhagsáætlun Seltjarnarnesbæjar lögð fram

Gert er ráð fyrir að rekstrarafgangur A-hluta verði 6.5 m.kr.

Lögð hefur verið fram fjárhagsáætlun Seltjarnarnesbæjar fyrir næsta ár og einnig þriggja ára áætlun árin 2019 til 2021 en það er langtímaáætlun sem sveitarfélögum er skylt að gera. Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri fylgdi frumvörpum að fjárhagsáætlun Seltjarnarnesbæjar fyrir árið 2018 og langtímaáætlun árin 2019-2021 úr hlaði nú við fyrri umræðu um þær. Gert er ráð fyrir að síðari umræða og afgreiðsla áætlunarinnar verði í bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar 29. nóvember nk.

Samkvæmt framlagðri fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að rekstrarafgangur A-hluta bæjarsjóðs verði um 6,5 milljónir og í A og B-hluta um 37 milljónir. Veltufé frá rekstri er áætlað að verði 388 milljónir. Framlegð er áætluð 3,3%. Fjárhagsstaða Seltjarnarnesbæjar er sterk, skuldir langt undir viðmiðunarmörkum samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga en þar er mælt fyrir



um að skuldir megi ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Í framlagðri áætlun er gert ráð fyrir að skuldahlutfall í árslok 2018 verði 49,9%. Í forsendum fyrir fjárhagsáætlun Seltjarnarnesbæjar er gert ráð fyrir að álagningarhlutfall útsvars verði óbreytt eða 13,7% og að álagningarhlutfall fasteignaskatta lækki úr 0,20% í 0,18%. Þá er gert ráð fyrir að íbúum fjölgi um 1% á næsta ári. Á árinu 2018 er gert ráð fyrir áframhaldandi framkvæmdum við hjúkrunarheimilið og stækkun íþróttamiðstöðvarinnar og einnig byggingu sambýlis við Kirkjubraut.

 HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



 Finndu okkur á Facebook



www.systrasamlagid.is

FALLEGIR LEGSTEINAR



Á GÓÐU
VERÐI

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

gæludýr.is

FISKISLÓÐ



**Við erum komin
í vesturbæinn!**



Endurnýjun Melabrautar lokið



Þannig lítur Melabrautin út úr lofti eftir endurbæturnar í sumar.

Lokið er framkvæmdum við Melabrautina á Seltjarnarnesi sem var endurnýjuð í sumar. Gatan var fyrir framkvæmd „vistgata“ með 15 km hámarkshraða en var endurhönnuð sem almenn íbúagata.

Skipt var um jarðveg í allri götunni, lagnir endurnýjaðar sem og heimæðar í hús. Ljósastaurar voru færðir til og lýsing hönnuð þannig að íbúar yrðu ekki fyrir óþægindum. Settar voru gangstéttar beggja vegna götunnar enda fara mörg börn um hana á leið til og frá skóla. Bílastæðum var fjölgað og er gatan nú einstefnugata frá Bakkavör. Íbúum eru færðar þakkir fyrir þolinmæðina í kringum framkvæmdirnar og ónæðið sem þær kunna að hafa valdið.



Unnið að koma fyrir nýjum lögnum.

Hafin er vinna við stofnlagnir

Hafnar eru framkvæmdir við stofnlagnir frá Lindarbraut út á Bygggarðasvæði. Endurnýjaðar verða stofnlagnir hitaveitu ásamt kaldavatnsstofni. Hluti framkvæmda er að setja inntakslagnir inn í nýtt Hjúkrunarheimili sem er að rísa á svæðinu fyrir ofan Sefgarða.

Einnig verða lagðar nýjar stofnlagnir fyrir rafmagn og ljósleiðara. Þá verða lagðar háhitalagnir fyrir borholu fjögur og borholu fimm auk þess sem lagnir verða færðar af væntanlegu byggingasvæði í Bygggördum. Þessi vinna við stofn- og háhitalagnir er umfangsmikil og munu framkvæmdir standa yfir í vetur. Íbúum eru færðar þakkir fyrir skilning á því raski sem þetta veldur.

Frágangi lokið við skolphreinsistöðina



Svæðið við Elliða að lokinni framkvæmd.

Lokið er frágangi við skolphreinsistöðina við Elliða sem öll er neðanjarðar. Með því er lokið þeim tíma að óhreinsað skólp bærist til sjávar frá byggð. Lokið er við frágang á lóðinni í kringum fráveitudælustöðina í Elliða, en stöðin er á Seltjarnarnesi.

Nokkru lengri tíma tók að ganga frá dælustöðinni en upphaflega var gert ráð fyrir. Aðstæður voru erfiðar og að sögn Gísla Hermannssonar bæjarverkfræðings varð að sæta sjávarföllum við frágang dæluverkefnisins vegna þess að ef sjór stóð hátt var hætta á að hann rynni inn á land og verkið yrði þar með óvinnandi. En nú er þessu vandasama verki lokið og lóðin komin í framtíðarform. Ekki er að sjá á mynd að undir þessu fallega yfirborði fossi skólp á leið í gegnum hreinsistöð á leið til sjávar.

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Frá 15. nóvember

JOLAMATSEÐILL TAPASBARSINS

9 FRÁBÆRIR RÉTTIR – GÓMSÆT BLANDA ÍSLENSKRA OG SPÆNSKRA JÓLAHEFÐA



* Hefst með Faustino freyðivíni í fordrykk

* 7 gómsætir jólatapas fylgja síðan í kjölfarið

- Rauðrófu- og piparótargrafinn lax
- Tvíreykt hangikjötstartar með balsamik vinaigrette og laufabrauði
- Rísahörpuskel með sellerírótarmauki, grilluðu serrano og passionfroðu
- Björgljáð svínasíða með rauðkálsgeli, grænertumauki og bjórsósu

- Andabringa með jarðskokkum, svartrót og Malt- og appelsínsósu
- Hvítlauksbakaðir humarhalar með mangósalsa
- Nautalund með sveppa duxelle og bernaisefroðu

* Og í lokin tveir ljúfir eftirréttir

- Súkkulaðiterta með berja-compoté
- Crema Catalana með Dulce de leche

Borðapantanir á tapas.is og í síma 551 2344

8.690 kr.

Aðeins framreitt fyrir allt borðið



Vesturgata 3B | 101 Reykjavík | www.tapas.is

Allar jólagjafirnar á einum stað

*Ekki þvælast um bæinn
þveran í leit að jólagjöfum.
Verstaðu heima í héraði
á hagstæðu verði.*




bókakaffi
stúdentna

Í Bóksölu stúdentna á Háskólatorgi finnur þú meira en þig grunar. Njóttu þess að vera í notalegu umhverfi, fáðu þér kaffi og köku í Bókakaffi stúdentna, kíktu á nýjustu bækurnar og skoðaðu allar skemmtilegu gjafavörurnar í Kaupfélagi stúdentna.


KAUPFÉLAG
stúdentna

bóksala stúdentna

Alvöru bókabúð og miklu meira

Háskólatorgi - www.boksala.is - www.facebook.com/boksala

Skólalúðrasveitin 50 ára

Hélt tónlistarveislu í Seltjarnarneskirkju

Framhald af forsíðu.

Saga skólalúðrasveitarinnar er merk en hún tók til starfa í Mýrarhúsaskóla haustið 1967 og hefur starfað óslitið síðan við góðan orðstír. Hundruðir barna hafa æft og spilað með henni í gegnum tíðina og margir þekktir tónlistarmenn hófu feril sinn í lúðrasveitinni. Með hressandi tónlist sinni hefur sveitin svo



sannarlega glatt bæði íbúa bæjarins og hlustendur hér heima og erlendis. Það var því vel við hæfi að fagna 50 árunum og farsælum ferli með því að rifja upp söguna í máli og myndum, spila tónlist og bjóða lúðrasveitarfélögum og bæjarbúum í afmæliskaffi sem lukkaðist svona líka vel. Ágrip af sögu sveitarinnar má finna á heimasíðu Tónlistarskóla Seltjarnarness á slóðinni <http://tonlistarskoli.seltjarnarnes.is/skolaludrasveitin/um-skolaludrasveitina/>



BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna

Nú er nýhafið 28. starfsár Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna. Á árunum 27 sem liðin eru hefur hljómsveitin sannað gildi sitt fyrir tónlistarlíf í landinu og starf hennar alla tíð verið drifið af ástríðu áhugamenskunnar.



Hljómsveitin sem hefur æft og haldið tónleika í Seltjarnarneskirkju undanfarin ár verður með ferna tónleika á starfsárinu, 2. des, 11. feb, 11. mars og 13. maí kl. 17 í Seltjarnarneskirkju. Hljómsveitina skipa að jafnaði 40 – 50 manns. Allar nánari upplýsingar á www.ahugasinfonia.is



Það er einfalt að flokka plastumbúðir á Seltjarnarnesi

Pokar fyrir plastumbúðir fást íbúum að kostnaðarlausu í íþróttamiðstöðinni



1 Skolið umbúðir svo ekki komi ólykt við geymslu

2 Stafflið þeim saman svo þær taki minna pláss



3 Setjið umbúðirnar í pokann og bindið fyrir þegar hann er fullur



4 Setjið pokann í gráu tunnuna fyrir almennt sorp



Við flokkum pokana svo frá öðrum heimilísúrgangi í móttökustöð SORPU og komum plastinu í endurvinnslu

Nýjustu fréttir af verkefningu má finna á [facebook.com/plastsofnun](https://www.facebook.com/plastsofnun)

SORPA



Meira tilbúið



TILBOÐ

Eldgrillaður kjúklingur
og 2 lítrar af Coca Cola

1.699 kr.

HAGKAUP

Meira
svona
alla daga

Magnað okkar öfluga menningar- og mannlíf

María Björk Óskarsdóttir tók nýverið við starfi sviðsstjóra menningar- og samskipta hjá Seltjarnarnesbæ. Í því felst meðal annars að skipuleggja menningartengda viðburði og annast markaðs- og kynningarmál bæjarins. Einnig yfirumsjón með Bókasafni Seltjarnarness, Gallerí Gróttu, Félagsheimilinu, Fræðasetrinu í Gróttu og Náttúrugripasafninu. María Björk er ættuð úr Efstasundinu í Reykjavík en hefur búið á Seltjarnarnesi í um aldarfjórðung eða síðan hún flutti að heiman eins og hún komst að orði í spjalli við Nesfréttir. Eiginmaður hennar er innfæddur Seltirningur, Þór Sigurgeirsson og eiga þau fjögur börn á aldrinum 7-19 ára. “Tengsl mín við Seltjarnarnes ná þó mun lengra aftur því faðir minn Óskar Friðbjólfsson rakarameistari stundaði mikið golf hér á Nesinu þar sem að Haukur bróðir hefur nú verið við stjórnvölinn í nokkur ár. Pabbi flutti svo rakarastofuna sína á Austurströndina 1987 og starfaði þar á meðan honum entist aldur. Mér finnst ég því vera fyrir löngu orðin Seltirningur. Börnin þekkjá ekkert annað og þeim eins og okkur Þór finnst dásamlegt að vera hér. Ég hef þó aldrei alveg sætt mig við norðanáttina sem blæs oft kröftuglega hér enda ólst ég upp í logninu sem einkennir byggðirnar við Sundin.”

María Björk segist fljótt hafa farið að fylgjast með mannlífinu á Seltjarnarnesi einkum eftir að börnin komu til sögunnar. “Þá varð maður virkur þátttakandi í bæjarlífinu, byrjaði að mæta á viðburði og íþróttaleiki, taka þátt í foreldrastarfi og öðru sem því tengdist. Ég hef eignast ótrúlega marga góða vini og kunningja hér á Nesinu í þann aldarfjórðung sem ég hef búið hér. Oft er talað um að maður eignist flesta sína vini á æskuárunum og í gegnum skólagöngu sem er auðvitað alveg rétt, dýrmæta vináttu sem fylgir manni út lífið. En ég hef ekki síður eignast yndislega vini hér, fólk sem er nú hluti af mínum innsta kjarna og ég treysti á í alls konar. Það er einhverjinn vegginn auðvelt að tengjast í gegnum félagslífið, já og bara daglega lífið í svona litlu afmörkuðu samfélagi, kannski ólíkt því sem væri ef maður byggði á fjölmennari stað á höfuðborgarsvæðinu. Nálægðin hér er svo mikil, fólk finnur samleið í alls konar



María Björk Óskarsdóttir nýlega ráðin sviðsstjóri menningar og samskipta á Seltjarnarnesi. Myndin er tekin í Bókasafni Seltjarnarness sem réttilega má kalla menningarmiðstöð á Nesinu.

og kynnist því fljótt innbyrðis. Það er að segja ef fólk tekur þátt, er opið og gefur af sér. Það er auðvitað hægt að halda sig til hlés hér eins og alls staðar annars staðar, svona snýst um mann sjálfan og hvað maður vill” segir María.

Auðvelt að skapa sér samverustundir á Nesinu

Við Þór lítum þannig á málin að það sé í raun skylda okkar sem íbúar og foreldrar að taka þátt í því sem gerist í samfélaginu okkar. Auðvitað getur maður ekki verið alls staðar alltaf en svona alla jafna að taka þátt og gefa af sér sem er líka bara gaman. Maður þarf nefnilega að hafa í huga að gróskan og allt þetta iðandi mannlíf sem hér þrífst er ekki sjálfgefið, þetta yrði fljótt að lognast út af, ef við sem hér búum og störfum leggjum okkur ekki fram um að vera með. Stundum sem framkvæmdaðili og stundum í því að mæta og njóta.” María segir auðvelt að skapa sér samverustundir á Seltjarnarnesi og að þessi nálægð yti undir mannleg samskipti. “Það þarf ekki mikinn fyrirvara, bara einföld hugmynd, senda skilaboð og þeir koma sem komast í það skiptið. Það er mikið um það að fjölskyldur hittist með börnin í mat heima hjá hvort öðru eða skreppa kannski um helgi með allan hópinn á Ljónið að borða. Karlarnir henda sér oftan en ekki í bolta og bjór og vinkonur stela sér reglulega hamingjustund hvort sem er í heimahúsi, á Örnú kaffihúsi eða í skemmtilegu veitingahúsaflórunni á Grandanum. Svo eru það

sem teiknuðu Hörpu og var hugsuð til að gefa öllum kost á því að fylgjast með hönnun og byggingu hússins sem og fyrirhuguðum breytingum á miðbænum. Gestastofan fékk mjög góðar viðtökur en allar forsendur breyttust við hrúnið, gestastofunni var lokað og ekki var ljóst hvort að Harpa yrði yfirhöfuð byggð. Sem betur fer var hún síðar kláruð en þarna, haustið 2008 stóð ég uppi atvinnulaus í fyrsta sinn eins og mikill fjöldi Íslendinga.

Og svo kom “Nýttu kraftinn”

Og þá kom “Nýttu kraftinn” til! “Já heldur betur! Ég var varla farin að velta fyrir mér í hvaða átt ég ætti að snúa mér í atvinnumálum þegar Sigríður Snævarr, sendiherra hringdi óvænt mig. Við þekktumst nær ekkert en hún frétti að mér hefði verið sagt upp í bankanum og fannst ómögulegt til þess að hugsa að ég með þá reynslu sem ég hafði væri komin í þessa stöðu. Til að gera langa sögu stutta þá hafa um 1200 manns komið í Nýttu kraftinn sem er heimikið fyrir tvo litla títuþrjóna eins og okkur stöllumur. Það var nefnilega þannig að aðferðafræðin virkaði mjög vel fyrir fólk og engin sambærileg ráðgjöf í boði fyrir atvinnuleitendur. Fyrst vorum við eingöngu með hópnaðskeyð en svo vorum við komnar á þann stað að hugsa “hvað svo” þannig að við tókum okkur til og skrifuðum Nýttu kraftinn bókina sem kom út 2013. Með henni fengu enn fleiri aðgang að okkur auk þess sem við komum aðferðafræðinni, kennsluefni og reynslusögum í fast form, eitthvað sem við vildum skilja eftir okkur og gefa. Haustið 2014 fór Sigríður svo aftur til starfa í ráðuneytinu en ég hélt áfram með Nýttu kraftinn en þá í formi ein-staklingsmiðaðrar ráðgjafar. Nýttu kraftinn er stór partur af mér og okkur Sigríði - það að sjá fólk springa út og blómstra er bestu launin!” Segir María og brosir.

Tók við góðu búi í menningarmálanum hér

En aftur að menningarmálanum á Seltjarnarnesi. Hvað kveikti áhuga þinn á að ráðast í þetta verkefni? “Undanfarin ár hef ég unnið sjálfstætt sem hefur marga kosti og hentað mér vel en ég var komin með þörf fyrir að verða partur af einhverju teymi. Þegar að þetta starf losnaði ákvað ég að slá til og sækja um. Bakgrunnur

auðvitað íþróttirnar og útivistin, sem dæmi þá sameina kraftlyftingarnar og golfið marga hér.”

Stýrði viðburðum á 120 ára afmæli Landsbankans og gestastofu vegna Hörpu

María Björk er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur starfað um 25 ára skeið að markaðsráðgjöf og verkefna- og framkvæmdastjórn ýmiss konar. „Þegar ég lauk námi 1992 fór ég að vinna sem markaðs- og viðskiptastjóri á Yddu auglýsingastofu, síðar Ennemm. Það var erfitt árferði á Íslandi á þessum tíma og heimikið atvinnuleysi. Þó að kreppan hafi ekki verið svona mikil eins og eftir 2008 þá var ekkert sjálfgefið að fara nýtskrifuð í gott starf. Ég var í auglýsingabransanum í 12 ár enda mjög lifandi umhverfi en skipti yfir í Landsbankann árið 2004 þegar að uppgangurinn í banka-geiranum var sem mestur. Ég byrjaði á markaðsstarfinu en var svo síðar fengin til að stýra stórum sérverkefnum fyrir bankastjórn og bankaráð sem tengdust ekki beint kjarnastarfssemi bankans. Var fyrst framkvæmdastjóri 120 ára afmælisárs bankans sem haldið var myndarlega upp á í heilt ár og 120 fjölbreyttum viðburðum og verkefnum hrint í framkvæmd. Þetta var mjög krefjandi verkefni en ótrúlega skemmtilegt. Að því loknu varð ég framkvæmdastjóri Gestastofu vegna byggingar Hörpu sem sett var upp á Lækjartorgi. Það var spennandi tækifæri og mikil áskorun. Gestastofan var hönnuð af dönsku arkitektunum

minn liggur jú í ráðgjöf, markaðs- og kynningarmálum, viðburðastjórnun o.fl. Þannig að í starfinu sameinast flest af því sem ég hef verið að gera í gegnum tíðina og gefur mér frábært tækifæri til að vinna í mínu nærumhverfi sem ég þekki vel." María segist vera heppin að taka við góðu búi frá þeim sem hafa stýrt þessum málum á undanförmum árum. Bæði Pálinu Magnúsdóttur sem stýrði Bókasafni Seltjarnarness þar til hún flutti sig yfir í Borgarbókasafnið í Reykjavík og svo Soffíu Karlsdóttur sem stýrði síðast samskipta- og menningarsviðinu. Að svo séu "stelpurnar" sem standa vaktina og sjá um allt þetta dagsdaglega á safninu náttúrulega alveg einstakar, ábyrgar og með mikla reynslu. "Starfsemi bókasafnsins hefur verið vikkuð mikið út, er nú alhliða menningarmiðstöð okkar Seltirninga þar sem fólk getur komið saman og notið viðburða af ýmsu tagi auk allra bókana. Einnig er Gallerí Gróttu orðinn þessi eftirsótti og fallegi sýningarsalur fyrir hvers kyns list. Í sumar var ráðist í miklar og velheppnaðar endurbætur á safninu til að það gæti sinnt hlutverki sínu enn betur. Flygillinn skipar nú sem dæmi heiðursess á miðjunni,

en barnasvæðið og kaffihornið eru auðvitað enn á sínum stað. Það er von mín að við getum haldið áfram og aukið vægi safnsins enn frekar í menningarlífinu á Seltjarnarnesi."

Vil gjarnan fleiri sjálfsprottna viðburði fram á sjónarsviðið

"En það er svo ótrúlega margt fleira að gerast hérna" heldur María áfram. "Var ég nú þökkalega inni í málum en sé þetta enn betur núna þegar ég er komin í hringiðuna. Mér finnst í raun alveg magnað hversu öflugt menningar- og mannlífið er hér í bæjarfélaginu okkar og hlakka til að byggja ofan á þann góða grunn. Ég vil gjarnan eiga reglulegt samtali við bæjarbúa, heyra meira um þeirra áhuga og hugmyndir og auðvitað enn meiri þátttöku í því sem er að gerast hverju sinni. Eins myndi ég vilja fá fleiri sjálfsprottna viðburði fram á sjónarsviðið því íbúum stendur ýmis aðstaða til boða og auðvelt að aðstoða við kynningu innan okkar samfélags." María Björk víkur svo að félagsheimilinu sem hún segir vera perlu sem Seltirningum þykir vænt um og vert sé að nýta vel. Þörf sé þó á ýmsum endurbótum sem eru í

skoðun og kannski bara góðri tiltekt þó nýlega sé nú búið að mála. "Ég sé líka fyrir mér að auka enn frekar sýnileik á því sem hér er í gangi þannig að fólk sé vel meðvitað og mæti. Samfélagsmiðlarnir skipa þar æ stærra hlutverk og þeir sem eru "vinir" á fésbókarsíðum bæjarins, bókasafnsins og Gallerí Gróttu fá upplýsingarnar beint til sín. Heimasiða bæjarins skiptir einnig öllu máli sem upplýsingaveita og ákveðinn samskiptamiðill. Núverandi síða er reyndar orðin barn síns tíma en framundan er vinna við gerð nýrrar í takt við þarfir nútímans. Þar sé ég gott tækifæri til að koma betur á framfæri fréttum af því sem er í gangi hjá bænum. Einnig að birta heildstætt viðburðadagatal og þá helst yfir allt það sem er í boði hverju sinni sem og yfirlit yfir stóru föstu viðburðina fram í tímann. Með þessu á ég við að íbúar geti á einum stað séð þá opnu viðburði sem öllum stendur til boða að sækja á vegum bæjarins, bókasafnsins, íþróttafélagsins Gróttu, tónlistarskólans, kirkjunnar o.s.frv. Það er oft skörun og gott að geta gengið að því vísu hvað er að gerast hvar, hjá hverjum og hvenær."

Erum hluti af stærra menningarsvæði

"Seltjarnarnes er svo auðvitað hluti af stærra menningarsvæði og er í ýmsu samstarfi með nágrenna-sveitarfélögum eins og tengt Safnanótt á Vetrahátíð, Hönnunarmars, barnamenningarhátíðinni o.fl." En hvað með ferðapjónustuna. Sér María Björk hana fyrir sem atvinnuveg á Seltjarnarnesi. "Sem íbúi upplifi ég eins og aðrir vaxandi ásókn ferðafólks á Nesið. Náttúran og norðurljósín eiga sinn þátt í því og upplýsingar um Seltjarnarnes má finna víða. Bærinn er þátttakandi í stefnumótunarvinnu sem er í gangi fyrir allt höfuðborgarsvæðið auk þess sem við þurfum að móta okkur sjálf stefnu í því hvernig við viljum taka á móti því ferðafólki sem hingað kemur. Hvort og þá hvaða þjónustu við veitum, hvar tækifærin liggja og hvernig við getum tryggt varðveislu náttúrunnar – ferðamennirnir munu jú halda áfram að sækja okkar fallega Seltjarnarnes heim."



Hreyfðu við þér og þínum!

JÁKVÆÐAR VATNSFLÖSKUR

Vatnsflöskur úr þýsku ölpunum hlaðnar jákvæðum náttúrusteinum. Einstök gæðahönnun. Skoðaðu málið í Systrasamlaginu.

MÖNTRU ARMBÖND & -HÁLSMEN

Í einstaklega fallegum gjafaumbúðum. Silfur, gull, rósagull. Klassísk ást-vinagjöf.

JÓGADÝNUR Í JÓLAGJÖF

Manduka í miklu úrvali. 20 ára saga: Einstök gæði Margar tegundir og fylgihlutir.

FLOTHETTAN

Frábær hönnun og fánleg í fjórum litum /munstrum: Verð: 16.400 kr. Líka í netsölu á www.systrasamlagid.is

VEGAN HÁTÍSKU-NAGLAKK

Dýrðlegt litaúrval og gæði. Laust við 12 skaðlegustu efnin.

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK

Ný heimasíða: www.systrasamlagid.is
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Mán. - fös.: 9:30 - 18.
Laugardagar: 11 - 16.

APOTEK
KITCHEN+BAR

JÓLIN Á APOTEKINU

7 rétta jólaveisla

FORDRYKKUR – Freyðivín

FORRÉTTIR

GRAFIN LAX – með fennelkremi, dill-mæjó, stokkrósar-trönuberjum, hrognum og rúgbrauði

ANDABRINGA – með graskers&kardimommu-purée og portvínssósu

ÍSLENSKT LANDSLAG – lambatartar, sýrður rauðlaukur, reyktur rjómaostur, graslauks-mayo, ediksnjór

PÖNNUSTEIKTUR HUMAR – jólatré, beurre noisette og skyr

AÐALRÉTTIR

SVÍNASÍÐA – epla purée, epli, pikklað fennel og kirsberjasósa

GRILLUÐ NAUTALUND – steiktur næpur með trönuberjum og heslihnetum, jarðskokka- og hvítsúkkulaði-purée og kaffi-hollandaise

EFTIRRÉTTUR

JÓLAKÚLA – kryddkex, karamelluseruð hvít-súkkulaðimús, epla- og fáfnisgrasfylling

9.900 kr.



JACOB'S CREEK
TRUE CHARACTER

BORÐAPANTANIR Í SÍMA 551 0011

Aðeins framreitt fyrir allt borðið.

APOTEK KITCHEN+BAR // Austurstræti 16 // apotek.is

Jón von Tetzchner

Færir út kvíarnar á Eiðistorgi



Jón von Tetzchner.

Jón von Tetzchner hefur fest kaup á þeim hluta húsnæðisins við Eiðistorg þar sem fatahreinsunin Kjól og hvítt var á sínum tíma en húsnæðið hefur staðið autt frá því hún hætti störfum. Þar er ætlunin alla vega til að byrja með að koma fyrir starfsstöð fyrir fólk sem er að vinna að vefskoðaranum Vivaldi sem Jón stofnaði eftir söluna á vefskoðaranum Operu. Þá hefur Jón einnig fest kaup á húsnæði á efri hæð suðurhluta torgsins þar sem lögreglustöðin var á sínum tíma og kveðst ætla að nýta það fyrir starfsemi sem fer fram hjá Innovationhouse.

Jón segir að húsnæðið á eftir hæð Eiðistorgsins að norðan sé

þegar orðið fullnýtt og fleiri hafi áhuga á að koma með starfsemi sína í Innovationhouse. Ákveðin eftirspurn sé eftir húsnæði og fólk og fyrirtæki sé á biðlista. Hann segir þetta einkum vera frumkvöðla- og sprotafyrirtæki þar sem fólk sé að vinna að ýmsum nýjungum – einkum á sviði tölvuvinnslu og sköpunar. “Við viljum gera þetta eins ódýrt fyrir þessi fyrirtæki og unnt er. Mörg þeirra eru að hefja starfsemi og í nýsköpunarstarfinu þarf oft að sýna þolinmæði áður en árangur og tekjur fara að koma. Jón festi einnig á sínum tíma kaup á því húsnæði þar sem Íslandsbanki var með starfsstöð áður hann flutti út í Örfirisey. Þar er sjónvarpsstöðin Hringbraut er nú til húsa.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALUÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristín Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242





Jón von Tetzchner og Bjarni Álfþórsson undirrita samninginn við Gróttu.

Eðlilegra að fá þjónustustarfsemi á jarðhæðina

Jón hefur einnig fest kaup á húsnæði víðar á neðri hluta Eiðistorgsins en kveðst fremur vera að horfa til verslunar eða þjónustustarfsemi í þeim hluta en tölvuvinnslu. Sér finnst eðlilegra að slík starfsemi njóti þess að fólk geti komið inn af götunni í þessu tilviki af Eiðistorginu en skrifstofustarfsemi. “Ég hef mikinn áhuga á að lyfta Eiðistorginu upp og auka fjölbreytni þeirrar starfsemi sem þar fer fram,” sagði Jón í samtali við Nesfréttir.

Samningur við Gróttu

Jón hefur nú gert samning við Gróttu. Vivaldi og Gróttu á Seltjarnarnes hafa skrifað undir tveggja ára samstarfssamning við handboltalið félagsins. Vivaldi hefur verið að styrkja knattspyrnu á undanförunum árum og fótbolta-völlurinn heitir nú Vivaldi völlurinn. “Ég er alin upp hér á Seltjarnarnesi og vil gjarnan styrkja verkefni sem eru að gera góða hluti fyrir samfélagið hér.

Nýjar vörur frá Örn

Mjólkurvinnslan Arna er eitt af því sem Jón von Tetzchner hefur komið á fót. Starfsemin byrjaði í Bolungarvík en nú hefur félagið fest kaup á mjólkurstöðinni á Ísafirði. Starfsemi Örn er stöðugt að vaxa og nú eru að koma átta nýjar vörur

á markaðinn. Má þar nefna gríska jógúrt og einnig þykku AB mjólkina og fleira áhugavert sem gleðja ætti neytendur. Jón segir gaman að sjá fyrirtækið vaxa og hversu vörunum er vel tekið. “Við erum líka með góðan markaðsstjóra,” segir hann að lokum.

Húsnæði til leigu á Eiðistorgi, 2. hæð



Upplýsingar í s. 895 5457
gunnar@fjallatindar.is



Jafnréttisviðurkenning Seltjarnarnesbæjar Tilnefning



**Er vinnustaðurinn þinn fjölskylduvænn ?
Er jafnrétti kynjanna virt þar ?
Hverjir hafa sýnt jafnréttismálum alhug í verki ?**

Jafnréttisnefnd veitir einu sinni á hverju kjörtímabili fyrir hönd bæjarstjórnar viðurkenningu til einstaklings, fyrirtækis eða stofnunar í bæjarfélaginu sem mest hefur unnið að framgangi jafnréttisáætlunarinnar og/eða sýnt jafnréttismálum sérstakan alhug í verki.

Send hafa verið bréf til fyrirtækja og stofnana á Seltjarnarnesi þar sem óskað er eftir tilnefningum.

Bréfin er send stjórnendum og trúnaðarmönnum á vinnustöðum.

Eru allir hvattir til þess að svara erindinu en frestur til þess rennur út 15. desember n. k.

Hafi vinnustað ykkar ekki borist bréf þá vinsamlegast snúið ykkur til Bæjarskrifstofu Seltjarnarness sem kemur til ykkar bréfi. Sími: 595 91 00
Einnig er hægt að nálgast bréf og fylgigögn á heimasíðunni: www.seltjarnarnes.is

Tilnefningar og ábendingar um framlag og árangur einstaklinga og/eða vinnustaða í þágu jafnréttis eru vel þegnar frá öllum. Senda má bréf eða tölvupóst á Seltjarnarnesbæ, postur@seltjarnarnes.is

Jafnréttisnefnd Seltjarnarness

sushi social

7 rétta deluxe

Jólamatseðill

Við byrjum á glasi af freyðivíni

- * **Lambatartar**
Trufflusnjór, laufabrauð og rauðkál
- * **Pekingönd**
Waldorf salat, brennt blómkál, svartur hvítlaukur
- * **Íslenskt maki 4 bitar**
Graflaxrúlla með brennivíni og dilli, avókadó, mangó, gúrka, dill mayo, rúgbrauðs"crumble"
- * **Leturhumar**
Steiktur leturhumar, grænt sellerí, vorlaukur, humarsmjörsósa, mangósalsa
- * **Nautalund**
Lauksulta, sellerírótarmayo, kardimommugljái

Eftirréttir

- * **Súkkulaði fudge**
Blandaðir ávextir, karamellusósa, mjólkursorbet
- * **Dulce De Leche Panacotta**
Kanilsvampkaka, karamellaður bananaís, hvítsúkkulaðimulningur

8.690 kr.

Aðeins framreitt fyrir allt borðið

Borðapantanir í síma 568-6600



GÉRARD BERTRAND
L'ART DE VIVRE LES VINS DU SUD

Sushi Social
Þingholtsstræti 5
sushisocial.is

Velheppnað íbúáþing á Seltjarnarnesi

Stýrihópur mun vinna að stefnumótun um málefni fatlaðra



Íbúáþing um þjónustu við fatlað fólk á Seltjarnarnesi og framtíðarsýn í málefnum þess var haldið í Valhúsaskóla laugardaginn 11. nóvember sl. Þingið þykir hafa heppnast vel og var vel sótt en hátt í 50 manns tóku virkan þátt.

Aðdraganda íbúáþingsins má rekja til þess að bæjarstjórn Seltjarnarness skipaði á vormánuðum stýrihóp um stefnumótun í málefnum fatlaðs fólks í bæjarfélaginu. Þingið var svo hugsað sem liður í því að safna upplýsingum og hugmyndum frá öllum hlutaðeigandi hagsmunaaðilum til að gera þjónustuna sem markvissasta. Árni Einarsson og Bjarni Torfi Álfþórsson bæjarfulltrúar voru fundarstjórar og stýrðu umræðum í hópum. Dagskrá þingsins var með þeim hætti að í upphafi voru haldnar stuttar

kynningar á þeirri þjónustu sem fötluðu fólk stendur nú þegar til boða auk þess sem kynnt voru helstu lög og reglur sem mæla fyrir um þjónustu við fatlað fólk almennt. Þátttakendum var í framhaldi skipt upp í umræðuhópa sem tóku fyrir mismunandi málefni bæði út frá börnum og fullorðnum. Viðfangsefni voru þjónusta við fatlað fólk, þátttaka þess í samfélaginu og hvernig best sé að haga þjónustu og stuðla að virkni fatlaðra þegar horft er til framtíðar. Umræðurnar voru líflegar og margar hugmyndir á lofti en hópstjórar gerðu í lokin grein fyrir starfi hvers hóps. Allar niðurstöður og tillögur voru skráðar niður og verða notaðar sem mikilvægt innlegg og vegvísir í áframhaldandi stefnumótunavinnu stýrihópsins. Hans biður nú að vinna drög að stefnumótun í málefnum fatlaðra á Seltjarnarnesi og leggja fyrir bæjarstjórn á vormánuðum 2018.

Rennie®



20% afsláttur
í Reykjavíkur Apóteki
til 15. des

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir
krossar á leiði!



JS LJÓSASMÍÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661



Glæsileg verzlun með gæðamerki á góðu verði

Ray-Ban

COCOA MINT

SMITH

TOMMY HILFINGER

Red Bull

BOSS
HUGO BOSS

CÉBÉ

LOUIS MARCÉL

bolle

iGreen
18-Tech Frames

Eyesland gleraugnaverslun er nú komin í nágrennið og leggur metnað sinn í að bjóða viðskiptavinum sínum vandaðar vörur á góðu verði. Heimspækt vörumerki og fjölbreytt vöruval. Í boði eru allskonar gleraugu, lesgleraugu sem og margskipt gleraugu, linsur, sólgleraugu, hjólagleraugu, hlaupagleraugu, skíðagleraugu, fjallagleraugu, veiðigleraugu með eða án styrks. Kíktu í heimsókn og skoðaðu úrvalið.



Centro Style 56342 umgjörð kr. 16.800,-



Cocoa Mint sólgleraugu kr. 12.900,-



USA umgjörð 727017 kr. 11.510,-



Centro Style 56200 umgjörð kr. 16.800,-



Ray-Ban 5228-2126 umgjörð kr. 22.900,-



Cébé Wild sportgleraugu kr. 21.900,-



Tommy Hilfiger 1123 umgjörð kr. 26.850,-



Centro Style 56040 barnaumgjörð kr. 13.800,-


Gott verð á glerjum

Einfokus gler (USA) - verð frá kr. 7.380,-

Margskipt gler (USA) - verð frá kr. 19.980,-
(eingöngu í USA umgjörðir)

Einfokus gler - verð frá kr. 16.900,-

Margskipt gler - verð frá kr. 41.900,-



Fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna á Seltjarnarnesi



Auglýst eftir framboðum til prófkjörs

Prófkjör um val frambjóðenda Sjálfstæðisflokksins við næstu bæjar- og sveitarstjórnarkosningar fer fram **laugardaginn 20. janúar 2018**

Hér með er auglýst eftir framboðum til prófkjörs. Frambjóðandi skal vera flokksbundinn sjálfstæðismaður og búsettur á Seltjarnarnesi.

Frambjóðendur skulu vera kjörgengir í næstu bæjar- og sveitarstjórnarkosningum. Hver frambjóðandi skal skila inn skriflegum meðmælum með framboði sínu frá 20 flokksbundnum sjálfstæðismönnum búsettum á Seltjarnarnesi, hið minnsta. Tekið skal fram að enginn meðmælandi má mæla með fleirum en 7 frambjóðendum.

Kjörnefnd er heimilt að tilnefna prófkjörsframbjóðendur til viðbótar frambjóðendum, eftir að framboðsfresti lýkur.

Framboðum ber að skila til formanns kjörnefndar Guðmundar Jóns Helgasonar (8630757), fyrir klukkan 17:00 **miðvikudaginn 20. desember**.

Einnig er hægt að skila inn framboðum á skrifstofu Sjálfstæðisfélags Seltirninga að Austurströnd 3 frá kl. 15:00-17:00 **miðvikudaginn 20. desember**. Allar nánari upplýsingar og eyðublað vegna meðmælandalista má nálgast á heimasíðu sjálfstæðisfélagsins: xdseltjarnarnes.is

Lesið fyrir hund

- Vigdís Vinir gæludýra á Íslandi

Bókasafn Seltjarnarness, í samstarfi við félagið Vigdísí – Vini gæludýra á Íslandi, býður börnum að heimsækja safnið og lesa sér til ánægju fyrir hunda sem eru sérstaklega þjálfaðir til að hlusta á börn lesa.

Sex börn komast að í hvert skipti.

Skráning á netfangið: sigridurgu@nesid.is eða í síma 595 9170.

Dagsetningar eru: Laugardagurinn 25. nóvember kl. 11:00 til 12:00 og Laugardagurinn 16. desember kl. 11:00 til 12:00.



SLÖKUN Í BORG verður daglega í Systrasamlaginu 11. - 19. desember:

„Vingumst við okkur sjálf“



Thelma Björk sem er bæði jóga- og listkennari er ótrúlega fundvís á frábæra hugleiðslu staði.

SLÖKUN Í BORG, fyrir alla, samstarfsverkefni Thelmu Bjarkar jógakennara og Systrasamlagsins, var hleypt af stokkunum 10. nóvember í Systrasamlaginu Óðinsgötunni. Margir mættu til að hugleiða og slaka á enda vaxandi áhugi á að draga almennt úr streitu í mörgum samfélögum. Verkefnið, sem standa mun yfir næstu mánuði, miðar að því að fá sem flesta til að slaka á og hugleiða við ólíkar aðstæður á ólíkum stöðum í borginni.

“Fyrsta slökunarstundin okkar fólst í því að bjóða öllum sem vildu og vilja að vera þátttakendur í 40 daga hugleiðslu, sem þegar er hafin. Hana má sannarlega gera í styttri tíma eða lengja í hinn endann. Við munum svo bjóða upp á hana daglega í Systrasamlaginu 11. - 19. desember kl. 17.30.” segir Guðrún Kristjándóttir í Systrasamlaginu og bendir á að sama heilunar-hugleiðsla verður svo í Norræna húsinu 10. og 11. desember í tengslum við vegan matreiðslukvöld sem Sveinn Kjartansson á AALTO bistro stendur fyrir.

Guðrún segir mörg önnur slökunar- og hugleiðsluverkefni í farvatninu á ólíkum stöðum og tímum í borginni. “En auk Systrasamlagsins og AALTO bistro munu hugleiðslu og slökunarstundir eiga sér stað í kirkju, í vatni, undir berum himni, við saumaborðið og á stöðum sem þið hafið ef vill ekki gert ykkur í hugarlund að hægt sé að hugleiða eða slaka á. Stjórnandi þessa verkefnis, Thelma Björk sem er bæði jóga- og listkennari er ótrúlega fundvís á frábæra hugleiðslu staði.”

Aðspurð um hugleiðsla og slökun segir Guðrún að nú þegar styðji fjölmargar vísindalegar rannsóknir við að hugleiðsla og slökun geti auðveldlega dregið úr daglegri streitu og bætt líkamlega og andlega líðan okkar, sem sé vaxandi þörf á í nútímasamfélagi. Hún bendir á að hugleiðsla hafi verið stunduð í þúsundir ára. Upphaflega svo fólk kæmist í djúpa snertingu við helga og dulræna krafta náttúrunnar, en í dag miklu fremur til að ná slökun og kyrra hugann, þótt annað og meira geti vissulega hangið á spýttunni.

“Allir geta iðkað slökun og hugleiðslu. Það er einfalt og ódýrt og krefst í raun engra sérstakra hæfileika. Slökun og hugleiðsla þarfnast heldur engrar sérstakrar umgjarðar. Markmiðið er umfram allt um að vingast við það sem við erum nú þegar. Um að vera til staðar, með okkur sjálfum, öðru fólki og samfélagi okkar.”

Frekari upplýsingar um viðburði á vegum SLÖKUNAR Í BORG, fyrir alla ofl. verða birtar jafnt og þétt á heimasíðu Systrasamlagsins.

Fylgist með á www.systrasamlagid.is

Verkefnið er styrkt af Reykjavíkurborg.



Systurnar Guðrún og Jóhanna. “Markmiðið er umfram allt um að vingast við það sem við erum nú þegar,” segir Guðrún.

VIÐHELDUR UNGLEGUM LJÓMA

CELLULAR PERFECT SKIN

Vinnur gegn hrukkum og viðheldur unglegum ljóma húðarinnar.
Byltingarkennd formúla með magnolíu þykkni sem eykur mótstöðukraft
frumanna gegn stressi og Lumicinol sem dregur úr myndun húðbletta.



FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Það er margvíslegt áhugavert framundan í félagsstarfinu. Allir föstu liðirnir halda sínum dagsetningum og tímum en vert er að minna á eftirfarandi. Kaffíkrókur á Skólabraut alla morgna kl. 10.30.

Jóga alla mánudaga og fimmtudaga í salnum á Skólabraut kl. 11.00.

Mjúk-kvinnaleikfimi í Hreyfilandi á Eiðistorgi alla þriðjudaga og fimmtudaga kl. 12.00.

Söngur alla föstudaga í salnum á Skólabraut kl. 13.00. Þútt í Risinu á Eiðistorgi alla þriðjudaga kl. 10.30.

Bridge í Eiðismýri alla þriðjudaga og föstudaga kl. 13.30.

Botsía alla miðvikudaga í Gróttusal kl. 10.00.

Félagsvist í salnum á Skólabraut fimmtudaginn 7. desember.

Bingó í salnum fimmtudaginn 14. desember.

Föndurdagar fyrir alla: Mánudaginn 20. nóv. lyklakippur og jólakort.

Mánudaginn 4. desember verður boðið upp á sápugetu og mánudaginn 11. desember ef áhugi er fyrir því.

Miðvikudaginn 29. nóvember. Silfurskart. Boðið verður upp á sölu á silfurskarti í salnum á Skólabraut kl. 13.30.

Miðvikudaginn 29. nóvember, Gaman saman í Selinu kl. 20.00.

Þriðjudaginn 5. desember kl. 13.30. Þjóðarskart og gersemar. „Óvissuferð“ í Andríki í Hafnarfirði þar sem gerðir eru íslenskir búningar og silfursmið. Komið við á kaffihúsi á heimleið. Skráning.

Örkin, Jólahláðborð á Hótel Örk miðvikudaginn 6. desember. Matur, skemmtiatriði, dansleikur, gisting og morgunverður. Upplýsingar og skráning í síma 8939800.

Söngur og súkkulaði. Sameiginleg stund í salnum á Skólabraut á aðdraganda jólaþriðjudaginn 19. desember kl. 15.00. M.a. fáum við til okkar nemendur Tónlistarskólans og höfunda einhverra jólabóka til að lesa upp. Allir velkomnir. Stundir eldri borgara í kirkjunni:

Þriðjudaginn 28. nóvember kl. 14.00. Helgistund, dagskrá og veitingar. Bogi Ágústsson fréttamaður verður með hugleiðingar um alþjóðamálin sem hann kallar Heimur á krossgötum.

Þriðjudaginn 12. desember kl. 14.00. Helgistund, kaffi og veitingar. Jólasamvera. Bryndís Loftsdóttir Seltirningur og bókaunnandi spjallar um jólabækurnar á léttum nótum.

Allar nánari upplýsingar varðandi félags- og tómstundastarfið og skráning á viðburði er hjá Kristínu í síma 8939800. Allir alltaf velkomnir.

UMHVERFISHORNID

Fugl mánaðarins - Urtönd



Urtandahjón, kolla t.v. og steggur t.h.

Urtönd er minnsta öndin sem verpir hér á landi og raunar minnsta önd Evrópu. Hún er buslönd eins og stökkönd og rauðhöfðaönd. Hún er reglulegur gestur á Bakkatjörn og í Dal og á nokkuð svipuðu róli og rauðhöfðinn, sem var fugl mánaðarins fyrir ári. Hún er tíðust frá því í mars fram í maí og svo aftur í september – nóvember. Hún sést þó allan veturinn þegar tjarnir eru auðar. Fæstar sjást í júlí, en flestar í september, vel á annað hundrað. Grunur leikur á varpi, þó það hafi ekki verið staðfest. Urtönd hefur fjölgað talsvert á síðustu 30 árum, þá sáust fuglar meira í Dal og er talið að vatnið í Bakkatjörn væri saltara á þeim árum. Með urtöndunum sést tíðum amerískur ættingi, murtönd, stakir steggir sjást flesta vetur.

Texti og mynd: Jóhann Óli Hilmarsson



LÍKLEGA BESTI
HOLLI SKYNDI-
BITINN Á ÍSLANDI

XO

FUN · FAST · FUSION

JL HÚSINU
& SMÁRALIND

WWW.XOFOOD.IS
571-3888



DAGSKRA DESEMBER 2017

Á aðventunni verður gestum boðið upp á jólasnákökur með kaffinu
Vertu vinur okkar á facebook og fylgstu með jólahaldinu - Óvæntir jólaglaðningar!

Gallerí Gróttu

Málverkasýning Guðrúnar Einarsdóttur

í Gallerí Gróttu
stendur til
22. desember.



Laugardagana 2. 9. og 16. desember kl. 12-14

Tækni og tónlist með Kóder

Á laugardögum í vetur mun leiðbeinandi frá Kóder kenna á ýmis forritunarkennslutól fyrir iPad í unglingadeild Bókasafns Seltjarnarness. Meðal annars er tekin fyrir leikjaforritun, kubbaforritun og textaforritun.

Allir eru velkomnir á námskeiðin sem eru ókeypis.



5. desember kl. 19.30

Bókmenntakvöld

Jón Sigurður Eyjólfsson les upp úr og fjallar um bók sína *Tvíflautan*. Tvíflautan er skáldleg frásögn af lífinu á framandi slóðum, saga af ást, heimspeki, tónlist og tímabæru andláti hégómans.

Boðið verður upp á jólaglög, kaffi og smákökur. Allir velkomnir.



7. desember kl. 17.30

Jólatónstafir

Skólalúðrasveitin undir stjórn Kára Einarssonar spilar inn jólin við sérhannað geisla jólatré bókasafnsins.



12.-23. desember

Jólasveinarnir 13 og jólakortagerð í bókasafninu

Frá 12. desember þegar fyrsti jólasveinninn kemur til byggða geta börnin litað jólasvein dagsins og búið til jólakort á safninu. Allt efni á staðnum.



13. desember kl. 17.30

Sögustund fyrir yngstu börnin

Lesin verður bókinn *Englajól*.

Höfundar: Guðrún Helgadóttir og Brian Pilkington.

Jólasveinn kemur í heimsókn og gefur börnunum hollt góðgæti.



16. desember kl. 11-12

Lesið fyrir hund – Vígðís – Vinir gæludýra á Íslandi

Börnum er boðið að heimsækja safnið og lesa sér til ánægju fyrir hunda sem eru sérstaklega þjálfaðir til að hlusta á börn lesa. Sex börn komast að í hvert skipti. Skráning á netfangið sigridurgu@nesid.is eða í síma 5959-172



Opnunartími:
mán. - fim. 10-19
og fös. 10-17
Lau. 11-14



Bókasafn Seltjarnarness

Eiðistorgi 11, 170 Seltjarnarnes, Sími: 5959-170, Netfang: bokasafn@seltjarnarnes.is



Daði Laxdal kominn aftur í Gróttu



Daði Laxdal Gautason hefur skrifað undir tveggja ára samning við Handknattleiksdeild Gróttu. Daði sem kemur frá norska úrvalsdeildarfélaginu Kolstad þarf ekki að kynna fyrir Gróttufólki enda uppalinn í félaginu og leikur sem skytta.

Daði lék seinast með Gróttu tímabilið 2015-2016 þegar hann skoraði 93 mörk fyrir Gróttu þegar liðið endaði í 5. sæti deildarinnar og komst í bikarúrslit.

Koma Daða til Gróttu er mikill hvalreki fyrir félagið sem stendur í ströngu þessa dagana í Olísdeildinni. Að sógn Kára Garðarssonar þjálfara Gróttu báru þessar fréttir brátt að. Hann er himinlifandi með vistaskipti Daða og væntir mikils af honum í Gróttutreyjunni.

Fimleikadeild Gróttu

Á ferð og flugi



Fimleikadeild Gróttu var á ferð og flugi helgina 3. til 5. nóvember. Þá átti Gróttu keppendur sem tóku þátt á mótum á Akranesi, Akureyri og í Svíþjóð.

Það voru níu stúlkur úr meistarahóp Gróttu sem fóru til Svíþjóðar til að keppa á Malar Cupen. Þær voru allar að keppa á sínu fyrsta alþjóðlega móti og eru reynslunni ríkari eftir það ævintýri. Sömu helgi fór fram Haustmót á Akureyri í 4. og 5. þrepi og haustmót í stökkfimi á Akranesi.

Fimleikadeildin átti 32 keppendur á þessum mótum. Gróttustúlkurnar í 4. þrepi 10 ára og yngri lentu í 3. sæti í liðakeppninni. Í liðinu voru þær Ragnhildur, Sunna, Emilfa, Lovísa, Lísbet, Linda, Isabel og Freyja. Gróttustúlkurnar í 5. þrepi 10 og 11 ára lentu einnig í 3. sæti í liðakeppninni. Í liðinu voru þær Elísabet, Rannveig og Katla. Á stökkfimmímótinu sigraði Katrín Alda í B flokki 12 til 13 ára stúlkna og Stefán Aðalgeir varð í 3. sæti í B flokki drengja.

Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud. og miðvikud.
13:00-14:30

Fimmtudaga
13:00-14:30 og 17:00-19:30

Föstudaga
13:00-14:30

Laugardaga og sunnudaga
13:00-17:00

Skólar og sérhópar:

Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is



GETRAUNANÚMER

GRÓTTU ER

170

Arna

is- og kaffibar

Opnið virka daga 9 - 21 og helgar 10 - 21.
Eiðistorgi 15 (þar sem Blómastofan var áður)
facebook.com/arnaisogkaffi





Guðrún Einarsdóttir við nokkur verka sinna. Vel kemur fram hvernig nú kallar kraft smáatriðanna fram í myndsköpun sinni.

Guðrún Einarsdóttir sýnir í Gallerí Gróttu

Guðrún Einarsdóttir opnaði nýlega myndlistarsýningu í Gallerí Gróttu. Verk Guðrúnar eru kraftmikil og hún sækir efnivið sinn einkum til móður Jarðar. Mikils margbreytileika gætir í verkum hennar sem mörg hver tala beint til áhorfandans.

Guðrún hefur á ferli sínum skapað myndheim og form sem hún sækir til náttúrunnar. Verkin virðast

oft við fyrstu sýn einföld en þegar nær er komið verður ljóst hvernig hún vinnur úr efniviðnum þannig að smáatriðin verða að þeim stóru í listsköpuninni. Full ástæða er til að hvetja Seltirninga og aðra til þess að ganga við í Gallerí Gróttu og bera sýningu Guðrúnar augum og njóta næmleika hennar fyrir nánast umhverfinu.

Húsfélagapjónusta

Eignaumsjón leiðandi í 17 ár

- ✓ Bókhald og fjármál
- ✓ Húsfélagafundir
- ✓ Mínar síður
- ✓ Húsbók þjónustusaga húss
- ✓ Auk annarrar þjónustu



EIGNAumsjón www.eignaumsjon.is

Fasteignaskattur lækkar - en þarf að lækka meira

Í drögum að fjárhagsáætlun bæjarins er gert ráð fyrir að álagningarstuðull fasteignaskatts lækki um 10%, úr 0,2% í 0,18% af fasteignamati. Það yrði þá lægsti álagningarstuðull fasteignaskatts á landinu, reyndar sá sami og Reykjavík ætlar að lækka í. En Reykjavík er býsna stór og að meðaltali er fasteignaverð lægra þar en hér á Seltjarnarnesi, þótt verðið sé býsna hátt í miðborg og vesturbæ til að mynda. Með öðrum orðum greiðum við Seltirninga að meðaltali mun hærri krónutölu en Reykvíkingar í fasteignaskatt. Þetta stenst ekki skoðun enda er Reykjavíkurborg yfirskuldsett en skuldir A hluta borgarinnar eru um 100 milljarðar (A og B hluta 300 milljarðar!), auk þess sem rekstur þar er í ólestri.



Magnús Örn Guðmundsson.

Mjög miklar hækkunar fasteignaverðs

Samkvæmt Þjóðskrá Íslands, sem birtir ársfjórðungsleg gögn yfir fasteignaverð eftir hverfum, hefur verð á fjölbýli á Seltjarnarnesi hækkað um tæp 57% frá ársbyrjun 2013 fram á mitt ár 2017. Mikil hækkun fasteignaskatts kemur sérstaklega illa fyrir ungt fólk í fyrstu íbúð. Hækkun fasteignaverðs á síðustu árum er langt umfram launavísitölu, á sama tíma og verðbólga hefur haldist lág. Sérþýli hefur hækkað mjög svipað eða um 56% yfir sama tímabil. Í október mældist árhækkun fasteignaverðs á höfuðborgarsvæðinu 17,6%. Það er því svigrúm fyrir töluverðar lækkunar fasteignaskatts, enda hafa útsvarstekjur á sama tíma aukist mjög með launahækkunum síðustu missera til að standa undir rekstri bæjarins.

Ósanngjörn tvískattlagning

Undirritaður hefur barist fyrir lækkun fasteignaskatts og ég sé fyrir mér að skatturinn geti lækkað mikið mun meira. Árið 2015 var skatturinn lækkaður um 5%, eins og sjálfstæðismenn höfðu lofað í kosningum árið áður. En fasteignaverð hefur áfram skotist upp og fasteignaskattur með, en hann er lítil hluti af tekjum bæjarins, eða um 5% skv. ársreikningi síðasta árs. Skatturinn ætti allur að fara í að lagfæra götur, gangstéttar og gera umhverfi okkar snyrtilegt – en gæti svo farið hratt lækkandi og fasteignaeigendur gætu því sinnt viðhaldi betur. Þegar öllu er á botninn hvolft er fasteignaskattur tvískattlagning á íbúa þar sem búið er að taka háan tekjuskatt af þeim tekjum sem notaðar eru til þess að kaupa dýra fasteign. Eðlilegt er að rukka hófleg fasteignatengd gjöld sem breytast með verðlagi til að standa undir t.d. sorphirðu, vatni og fráveitu en skattur sem fer stigvaxandi með hækkun fasteignaverðs er ósanngjarn.

Magnús Örn Guðmundsson
Bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins



KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgeði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Stöðjumst við tæknipplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið á viðgerð.



Tjónaskoðun
Við skoðum bilinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðuskipti
Skiptum um framrúður og önnurnum annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerheirnsun á bil.



Mössun / snyrting á lakki
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



Dekkþjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bilnum á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og málning
Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst trústu kröfur.



Bílapvottur / djúphreinsun
Bjódum við upp á almennan bílapvott, djúphreinsun, bón ofl. Frír pvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / ákæði
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smáviðgerðir
Samhlíða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is



göfgæti frá Jóa Fel

Tindrandi Frostrós að hætti Jóa Fel

Glitrandi fögur súkkulaðiterta með þunnum og stökkum toffí- og krókantbotni.
Lagskipt með súkkulaðibotnum og fersku hindberjahlaupi.
Fyllt með silkimjúku rjómasúkkulaðikremi og hjúpuð með drifhvítum sykurmassa.



**Jói
Fel**

BAKARÍ

Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær & Hringbraut